

Innkaup og samningsstjórnun
Eftirfylgni

Innri endurskoðun og ráðgjöf
Reykjavíkurborgar

3. nóvember 2026
IER26020019



Innri endurskoðun og ráðgjöf
Guðrúnartúni 1 | 105 Reykjavík

Innriendurskodun.is
innriendurskodun@reykjavik.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur 2

2. Samantekt niðurstaðna 3

3. Staða ábendinga og viðbrögð stjórnenda 4

Viðauki I - Áhættuflokkun ábendinga 11

1. Inngangur

1.1. Innri endurskoðun og ráðgjöf

Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) annast innri endurskoðun hjá A-hluta Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðandi starfar í umboði borgarráðs. IER veitir óháða staðfestingu og ráðgjöf um stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit með það að markmiði að skapa virðisauka og stuðla að bættum rekstri. Starf IER byggist á siðareglum og alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun. Í störfum sínum gæta innri endurskoðendur heilinda, hlutlægni, trúnaðar og fagmennsku og eru óháðir þeim starfseiningum sem þeir endurskoða.

1.2. Markmið og afmörkun úttektar

Í júní 2022 voru kynntar fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar niðurstöður IER úr úttektinni *Innkaup og samningsstjórnun*, málsnúmer IE20110004. Markmið úttektarinnar var að kanna fylgni við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, samþykktir innkaupa- og framkvæmdaráðs, innkaupastefnu og reglur Reykjavíkurborgar sem taka til undirbúnings innkaupa á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum og samningsstjórnunar. Afmörkun úttektarinnar var tvíþætt; í fyrsta lagi var fylgni við samþykkt innkaupa- og framkvæmdaráðs og verklagsreglur Reykjavíkurborgar um innkaup og samningsstjórnun könnuð. Í öðru lagi var tekið úrtak úr vöru-, þjónustu- og verksamningum frá árunum 2019-2020 og könnuð fylgni við lög og reglur um undirbúning innkaupa, samningagerð, eftirlit með efndum samninga, skjölun gagna, kostnaðareftirlit og skila- eða lokamat verks.

Verkefnið var á innri endurskoðunaráætlun fyrir starfsárið 2020, sem samþykkt var af endurskoðunarnefnd 6. janúar 2020, en því var frestað til ársins 2021. Úttektin fellur undir fjármála- og áhættustýringarsvið (FAS) en tekur einnig til annarra sviða A hluta Reykjavíkurborgar.

Í innri endurskoðunaráætlun A-hluta Reykjavíkurborgar 2026-2028 er gert ráð fyrir eftirfylgni með úttektinni *Innkaup og samningsstjórnun* á árinu 2026. Eftirfylgnin er staðfestingarverkefni sem felur í sér hlutlæga athugun og mat á gögnum um stöðu ábendinga úr fyrri úttekt. Ábendingum er fylgt eftir samkvæmt áhættumiðuðu eftirfylgnilíkani IER. Áréttuð er ábyrgð stjórnenda á framkvæmd úrbóta vegna ábendinga og tillagna. Eftirfylgni IER byggist á áhættumiðaðri nálgun þar sem umfang staðfestingarvinnu tekur mið af mikilvægi hverrar ábendingar og undirliggjandi áhættu. Mat á stöðu úrbóta fer þó ávallt fram samkvæmt sömu faglegu meginreglum. Við eftirfylgni sannreynir IER hvort stjórnendur hafi brugðist við ábendingunni með fullnægjandi hætti og metur hvort frekari eftirfylgni sé nauðsynleg.

Markmið eftirfylgninnar er að meta hvort stjórnendur hafi brugðist við ábendingum IER með fullnægjandi hætti og innleitt viðeigandi úrbætur til að mæta þeirri áhættu sem ábendingarnar lutu að. Niðurstöðum er miðlað til endurskoðunarnefndar, stjórnenda og eftir atvikum viðeigandi fagráða og/eða borgarráðs. Eftirfylgnin stuðlar þannig að áframhaldandi umbótum í stjórnsýslu og innra eftirliti borgarinnar.

1.3. Verkferill úttektar

Eftirfylgnin hófst með því að bréf var sent til fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar (FAS) 14. apríl 2026 ásamt yfirliti yfir útistandandi ábendingar. Óskað var eftir að tilnefndur yrði tengiliður af hálfu sviðsins og að svör við fyrirspurnarskjali ásamt fylgigögnum bærust eigi síðar en 5. maí. Bréfinu var fylgt eftir með tölvupósti 12. maí. Eftir frekari samskipti bárust svör 1. júní og hófst þá yfirferð svara. Óskað var eftir frekari upplýsingum og gögnum 25. júní og bárust þau 13. júlí. IER átti samtöl við starfandi skrifstofustjóra skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar (nú skrifstofu fjármálaþjónustu og innkaupa) á FAS 30. júní og 13. júlí þar sem farið var yfir gagnabeiðni og útistandandi atriði auk þess að farið var nánar yfir svör og stöðu úrbóta.

Skýrsludrög voru send FAS til umsagnar þann 9. október 2026 og hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem bárust. Niðurstöður voru kynntar endurskoðunarnefnd þann 3. nóvember 2026 og verða í framhaldinu kynntar borgarráði. Lokaskýrsla verður send stjórnendum.

2. Samantekt niðurstaðna

Skýrsla IER, *Innkaup og samningsstjórnun,* kom út í júní 2022. Í skýrslunni voru settar fram sjö ábendingar og þrjár tillögur. Fimm ábendinganna voru metnar í áhættuflokknum *„nokkur áhætta“* og tvær í áhættuflokknum *„lítil áhætta“*. Tillögur eru ekki teknar til sérstakrar eftirfylgni. Meginniðurstaða eftirfylgninnar nú er að eftirfylgni IER með einni ábendingu er lokið en úrbætur vegna sex ábendinga eru enn í vinnslu. Fimm þeirra voru metnar í áhættuflokknum *„nokkur áhætta“*.

Að mati IER hefur verið unnið að því að styrkja umgjörð innkaupa og samningsstjórnunar með þróun og innleiðingu verklags og upplýsingakerfa. Fyrirliggjandi gögn nægja þó ekki til að staðfesta fullnægjandi innleiðingu og virkni úrbóta vegna ítrekaðra og opinna ábendinga. Þannig varða óloknar úrbætur einkum:

- tengingu innkaupasamninga við fjárhagsupplýsingar;
- framkvæmd eftirlits og reglubundna skýrslugjöf til innkaupa- og framkvæmdaráðs, m.a. vegna fjárfestingaráætlunar og innkaupa skóla- og frístundasviðs;
- reglur um framsetningu skilamata og framkvæmd þeirra;
- samræmt verklag um ábyrgð, skráningu og stjórnun samninga.

Áhættan sem úrbótunum er ætlað að mæta varðar einkum ófullnægjandi yfirsýn yfir innkaup og kostnað samninga, óskýra ábyrgð á eftirliti með samningum og ófullnægjandi skýrslugjöf og gerð skilamata. Þetta getur leitt til þess að stjórnendur og innkaupa- og framkvæmdaráð hafi ekki nægilegar eða tímanlegar upplýsingar til að greina frávik í kostnaði eða efndum samninga og geti þess vegna ekki brugðist við í tíma. Sömuleiðis getur þetta leitt til þess að ekki sé hægt að meta niðurstöður verkefna með hliðsjón af upphaflegum áætlunum.

Í ábendingunni sem nú er lokað var tekið á samræmi innkaupastefnu, innkaupareglum og samþykkt innkaupa- og framkvæmdaráðs, m.a. varðandi skýrslugjöf. Innkaupastefnan var endurskoðuð og samþykkt í apríl 2026 og innkaupareglurnar uppfærðar samhliða auk þess að skýrslugjöf er nú skilgreind í eftirlitsáætlun sem endurskoða á reglulega.

Nánari umfjöllun um stöðu einstakra ábendinga og viðbrögð stjórnenda má finna í 3. kafla skýrslunnar og upplýsingar um áhættuflokkun ábendinga eru í viðauka I.

Tafla 1. Fjöldi og staða ábendinga

 1 Lokið	 6 Í vinnslu	 0 Ekki hafnar
Aðgerðir stjórnenda innleiddar að fullu eða að miklu leyti Eftirfylgni lokið	**Aðgerðir stjórnenda innleiddar að hluta** IER mun fylgjast með framgangi úrbóta	**Aðgerðir stjórnenda ekki hafnar** Ábending fer á lista til endurskoðunarnefndar

3. Staða ábendinga og viðbrögð stjórnenda

Áhættu-flokkun	Ábendingar og viðbrögð ábyrgðaraðila úr skýrslu IER frá 2022	Viðbrögð ábyrgðaraðila 2026	Yfirferð IER 2026	Niðurstaða 2026
Lítil áhætta	**1. Innkaupastefna** Nýjar innkaupareglur þurfa að vera í samræmi við endurskoðaða innkaupastefnu og samþykkt innkaupa- og framkvæmdaráðs, m.a. varðandi skýrslugjöf. **Ábyrgðaraðili:** Innkaupa- og framkvæmdaráð (IFR) **Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022** IFR mun leggja áherslu á samræmi milli innkaupastefnu og samþykktar ráðsins. Vor 2023.	Nýjar og mikið breyttar innkaupareglur tóku gildi árið 2024 og voru uppfærðar lítillega í apríl 2026. Ný innkaupastefna tók gildi í apríl 2026. Vinnan var unnin samhliða til að gæta samræmis. Í nýjum innkaupareglum hafa ákvæði er snúa að eftirliti og skýrslugjöf verið endurskrifuð til að gefa eftirlitsaðilum aukið svigrúm til að haga eftirliti og skýrslum í samræmi við áherslur hverju sinni. Þetta svigrúm skapast þar sem reglurnar gera nú ráð fyrir því að sérstök eftirlitsáætlun sé til staðar og uppfærð reglulega, enda er minni fyrirhöfn í því en að breyta innkaupareglum, innkaupastefnu eða samþykktum IFR. Í nýrri innkaupastefnu er sérstaklega tekið fram hvaða skyldur og ábyrgð hvílir á kaupanda við rekstur samninga. **Staðfestingargögn:** a) Innkaupareglur 2026.pdf b) Innkaupastefna 2026.pdf c) Eftirlitsáætlun 2024.pdf d) Tillögur stýrihóps um endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna. MSS25070013	**Samræmi innkaupareglna og innkaupastefnu** Nýjar innkaupareglur tóku gildi árið 2024 og voru uppfærðar lítillega árið 2026 samhliða innkaupastefnu til að tryggja samræmi. Samhliða endurskoðuninni var gerð aðgerðaáætlun sem endurskoða á fyrir árið 2027. IER metur að brugðist hafi verið við ábendingunni. Fyrir liggja endurskoðuð og samþykkt innkaupastefna og innkaupareglur þar sem tekið er á hlutverkum, ábyrgð og skýrslugjöf. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að unnið hafi verið markvisst að samræmingu skjalanna og að komið hafi verið á fyrirkomulagi sem styður við áframhaldandi þróun á eftirlitinu. IER bendir þó á að mikilvægt sé að eftirlitsáætlunin verði endurskoðuð og uppfærð reglulega, sbr. 4. kafla í innkaupareglunum, en hún var síðast uppfærð á árinu 2024. Úrbótum er lokið og er ábendingunni lokað.	Úrbótum lokið Ábendingu lokað
Nokkur áhætta	**2. Stjórnskipulag og eftirlitsumhverfi** Taka þarf upp miðlægt innkaupakerfi eða finna viðeigandi lausn í þeim kerfum sem nú eru í notkun eða verið er að innleiða. Tengja þarf upplýsingar um innkaup við fjárhagsupplýsingar í Agresso til þess að mögulegt sé að viðhafa viðunandi eftirlit með innkaupum.	Ferlar og vinnulag sem tengjast fjárhagskerfi, bókun reikninga og kostnaðarskráningu hafa hingað til ekki stutt við tengingar milli innkaupasamninga og fjárhagsupplýsinga og ekki hefur náðst að útfæra slíkt. Skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa setti því á laggirnar sjálfstætt verkefni er nefnist *Samningastjórinn*. Er það tilraun til að bæta yfirsýn og tengsl milli samninga, reikninga og gagna fyrir ábyrgðaraðila samninga með það að markmiði að tengja upplýsingar um innkaup við samninga. Verkefnið var sett á	**Tenging innkaupa- og fjárhagsupplýsinga** Skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa hefur sett af stað verkefnið *Samningastjórinn* með það að markmiði að bæta yfirsýn og tengsl milli samninga, innkaupa og fjárhagsupplýsinga. Fyrir liggja m.a. þarfagreining og frumgerð lausnarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá ábyrgðaraðila var árið 2026 opnaður sérstakur tilvísunarreitur í fjárhagskerfi aðalsjóðs sem gerir kleift að skrá samningsnúmer við bókun reikninga. Jafnframt hefur reikningagátt Reykjavíkurborgar verið uppfærð þannig	Úrbætur í vinnslu Ábending ítrekuð

	Ábyrgðaraðili: Sviðsstjóri FAS **Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022** Aðgerðaáætlun verið útfærð í tengslum við vinnu við innkaupastefnu. Vor 2023.	verkefnaskrá FAS og til stendur að það fái farveg á seinni hluta ársins 2026. Fyrsti fasinn fólst í að þarfagreina og skilgreina áskorunina m.a. með viðtölum við fjölda stjórnenda og ábyrgðaraðila samninga. Forsenda þess að tenging komist á milli innkaupa og upplýsinga í fjárhagskerfi er að við bókun reikninga eða skráningu kostnaðar sé einnig skráð tilvísun í fyrirliggjandi innkaupasamninga. Í upphafi árs 2026 var svo stigið skref í fyrsta verkþætti sem snéri að því að opna sérstakan tilvísunarreit í fjárhagskerfi borgarinnar (aðalsjóði) þannig að nú er mögulegt að skrá samningsnúmer við bókun reikninga í aðalsjóði, þegar það á við. Sambærileg útfærsla hefur ekki verið útfærð enn varðandi skráningu og bókun í eignasjóði. Þessu til viðbótar hefur reikningagátt Reykjavíkurborgar á vefnum verið uppfærð og meðal annars gert ráð fyrir sérstökum tilvísunarreit fyrir samningsnúmer sem ekki var í eldri reikningagátt. Reikningagáttin er hugsuð fyrir smærri seljendur og verktaka sem ekki hafa komið sér upp viðskiptakerfi sem tengd eru við skeytamiðlara sem sendir rafræna reikninga með sjálfvirkum hætti til Reykjavíkurborgar. Næsta skref snýr að því að prufukeyra bókunarferlið með afmörkuðum bókunarlyklum og skrá viðeigandi tilvísun í fyrirliggjandi samninga. Áætluð lok úrbóta á þriðja ársfjórðungi 2027. **Staðfestingargögn:** a) Samningastjórinn.pdf b) https://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar c) Senda reikning - Signet Invoice.pdf	að mögulegt er að skrá samningsnúmer við innsendingu reikninga. Fyrir liggja áform um frekari þróun og prufukeyrslu lausnarinnar. IER metur að mikilvægar aðgerðir hafi verið hafnar til að styrkja tengingu milli innkaupasamninga og fjárhagsupplýsinga. Innleiddir hafa verið tæknilegir möguleikar til skráningar samningsnúmera í aðalsjóði og í reikningagátt. Þó liggja ekki fyrir gögn sem sýna fram á að lausnin hafi verið að fullu innleidd, tekin í reglubundna notkun eða nái til allra viðeigandi bókunarferla, m.a. í eignasjóði. Ekki hefur því verið staðfest að tengingin styðji við viðunandi eftirlit með innkaupum. Úrbætur eru í vinnslu. Ábendingin er ítrekuð.	

Lítil áhætta	**3. Stjórnskipulag og eftirlitsumhverfi** Innkaupaskrifstofa þarf að leggja árlega fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð eftirlitsáætlun sína og mánaðarlega upplýsingar um eftirlit sitt með innkaupamálum borgarinnar, sbr. 8. mgr. 7. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar, m.a. um eftirlit með rammasamningum. **Ábyrgðaraðili:** Skrifstofustjóri innkaupaskrifstofu **Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022** Útfærð verði starfsáætlun fyrir IFR með tímasettri eftirlitsáætlun. Haust 2022.	Umrætt ákvæði 8. mgr. 7. gr. innkaupareglna hefur tekið breytingum. Í stað árlegrar framlagningu getur áætlunin tekið breytingum út frá áherslum IFR hverju sinni. Eftirlitsáætlun kveður á um tímasettar skýrslur til IFR en upplýsingar um innihald og tíðni skýrslna má sjá í Eftirlitsáætlun 2024.pdf, sbr. 4. kafla innkaupareglnanna. Skrifstofan mun vinna með innkaupa- og framkvæmdaráði varðandi áherslur í framlagningu upplýsinga. Eftirlitsáætluninni hefur ekki verið fylgt eftir sem skyldi undanfarin misseri en núverandi áherslur í stjórn skrifstofunnar gera hana að forgangsmáli á árinu 2026. Einnig er unnið að innleiðingu stafræns vinnuafls sem sinnir sjálfvirkri greiningu á innkaupum og dregur fram öll frávik frá samningum sem þarf að skoða. Eftirlit með öllum miðlægum samningum verður þá framkvæmt í rauntíma og í framhaldi væri hægt að innleiða slíkt á aðra samninga en miðlæga. Áætlað er að fyrstu miðlægu samningarnir fari í sjálfvirkt eftirlit um haustið 2026. Að lokinni innleiðingu á sjálfvirku eftirliti með miðlægum samningum (ýmist rammasamningum eða hefðbundnum), mun eftirlit með öllum miðlægum samningum (um 25 talsins), gerast daglega með sjálfvirkum tilkynningum er varðar öll frávik. Í því felst að skrifstofunni munu berast sjálfvirkar tilkynningar er varða innkaup við birgja utan samnings, frávik frá samningsverðum og frávik frá skilmálum, til dæmis akstursgjaldi. Áætluð lok úrbóta á öðrum ársfjórðungi 2027. **Staðfestingargögn:** a) Eftirlitsáætlun 2024.pdf b) Yfirlit yfir 10 m.kr.pdf c) Sjálfvirkt eftirlit með samningum.pdf d) Samningastjórinn.pdf	**Eftirlitsáætlun og reglubundið eftirlit með innkaupum** Eftirlitsáætlun var gerð árið 2024 samhliða breyttum innkaupareglum. Fyrir liggur því eftirlitsáætlun sem gerir ráð fyrir reglubundinni upplýsingagjöf um eftirlit með innkaupum. Jafnframt er unnið að innleiðingu sjálfvirks eftirlits með miðlægum samningum sem ætlað er að greina frávik frá samningum í rauntíma. Áætlað er að fyrstu samningar verði undir slíku eftirliti frá hausti 2026. Þá kom einnig fram hjá ábyrgðaraðila að eftirlitsáætluninni hafi ekki verið fylgt eftir sem skyldi á undanförnum misserum. IER metur að brugðist hafi verið við ábendingunni með gerð eftirlitsáætlunar og undirbúningi aukins og sjálfvirks eftirlits með innkaupum. Þó liggja ekki fyrir gögn sem staðfesta að reglubundin upplýsingagjöf til innkaupa- og framkvæmdaráðs hafi farið fram í samræmi við eftirlitsáætlunina og markmið ábendingarinnar. Eftirlitsáætlunin hefur ekki verið endurskoðuð frá árinu 2024 og fyrirhugaðar úrbætur eru að hluta til enn á undirbúnings- og innleiðingarstigi. Úrbætur eru í vinnslu. Ábendingin er ítrekuð.	Úrbætur í vinnslu Ábending ítrekuð

Nokkur áhætta	**4. Stjórnskipulag og eftirlitsumhverfi** Innkaupa- og framkvæmdaráð þarf að setja stjórnendum reglur um framsetningu skilamata, sbr. 5. mgr. 2. gr. í samþykktum ráðsins. **Ábyrgðaraðili:** Innkaupa- og framkvæmdaráð (IFR) og skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds hjá umhverfis- og skipulagssviði (USK). **Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022** Reglur um skilamöt verða útfærðar sbr. drög sem þegar hafa verið kynnt IFR. Lagðar fram haustið 2022. Innleiðing árið 2023.	**Viðbrögð ábyrgðaraðila 2026** Skilamötin eiga eingöngu við uppgjör verkefna á umhverfis- og skipulagssviði (USK) en þau hafa ekki verið gerð með markvissum hætti síðustu ár. Hins vegar er verið að leggja lokahönd á ferli verkefna og innleiðingafasi að hefjast, þar sem skilamöt eru hluti af uppgjöri verkefna og reiknað er með að farið verði að vinna eftir þeim í ágúst 2026. Tillögur Skrifstofu fjármálaþjónustu og innkaupa (SFI) um að efla samningsstjórnun annarra sviða snúa að því að skylda kaupendur til að skila samningsstjórnunaráætlun með erindi til IFR um val á samningsaðila, sbr. staðfestingargögn. IFR mun frá og með 1. september 2026 gera kröfu um að samningsstjórnunaráætlun fylgi með samþykktarbeiðnum fyrir tilboð. Eftirlitsáætlun er meðfylgjandi en henni hefur ekki verið fylgt eftir sem skyldi undanfarin misseri. Núverandi áherslur við stjórn skrifstofunnar gera hana að forgangsmáli hjá skrifstofunni á árinu 2026. Áætluð lok úrbóta á fyrsta ársfjórðungi 2027. **Staðfestingargögn:** a) Eftirlitsáætlun 2024.pdf b) Samningsstjórnunaráætlun.pdf (SNI-1750) c) Leiðbeiningar um gerð samningsstjórnunaráætlunar.pdf (LEI-1751)	**Reglur um framsetningu skilamata** Samkvæmt ábyrgðaraðila hafa skilamöt ekki verið gerð með markvissum hætti undanfarin ár. Unnið hefur verið að innleiðingu nýs verkefnaferlis hjá umhverfis- og skipulagssviði (USK) þar sem skilamöt verða hluti af uppgjöri verkefna og er gert ráð fyrir að byrjað verði að vinna samkvæmt ferlinu haustið 2026. IER metur að unnið hafi verið að undirbúningi úrbóta og að verklag sem styður við skilamöt og samningsstjórnun sé komið á mótunar- og innleiðingarstig. Hins vegar liggja ekki fyrir gögn sem staðfesta að IFR hafi sett stjórnendum reglur um framsetningu skilamata né að skilamöt séu komin í reglubundna framkvæmd. Úrbætur eru í vinnslu. Ábendingin er ítrekuð.	Úrbætur í vinnslu Ábending ítrekuð
Nokkur áhætta	**5. Stjórnskipulag og eftirlitsumhverfi** Innkaupa- og framkvæmdaráð þarf að taka fyrir ársfjórðungslega frávik frá fjárfestingaráætlun, sbr. 4. mgr. 8. gr. í innkaupareglum Reykjavíkurborgar. Endurskoða þarf skýrslugjöf til ráðsins varðandi frávik frá fjárhagsáætlun. **Ábyrgðaraðili:** Sviðsstjóri FAS	Skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa (SFI) hefur sett fram nýja tillögu að frávikaskýrslu tengdri fjárfestingaráætlun sem verður lögð fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð. Skýrslan sýnir frávik frá fjárfestingaráætlun, brotin niður á mánuði. Í eftirlitsáætlun innkaupa frá 2024 kemur fram að skrifstofa eignastýringar á USK skuli ársfjórðungslega senda innkaupa- og framkvæmdaráði yfirlit yfir viðauka við fjárfestingaráætlun auk framvinduskýrslu vegna verkefna fjárfestingaráætlunar. Þá kemur fram í grein 4.1. í innkaupareglum að "í eftirlitsáætlun skal	**Skýrslugjöf um frávik frá fjárfestingaráætlun** Fram hefur verið sett ný tillaga að frávikaskýrslu vegna fjárfestingaráætlunar sem sýnir frávik brotin niður á mánuði og er ætlað að vera lögð fyrir IFR. Þá kveður eftirlitsáætlun frá 2024 á um að skrifstofa eignastýringar á USK leggi ársfjórðungslega fram yfirlit um viðauka við fjárfestingaráætlun og framvindu verkefna. Fyrir liggja einnig dæmi um slíka skýrslugjöf og viðauka við fjárfestingaráætlun, sbr. staðfestingargögn a og b.	Úrbætur í vinnslu Ábending ítrekuð

	Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022 Verkstöðuskýrslur verði lagðar fram ársfjórðungslega sem skýra stöðu fjárfestinga á hverjum tíma. Haust 2022. Innkaupareglur verði endurskoðaðar þegar ný innkaupastefna liggur fyrir. Skýrslugjöf til IFR verði endurskilgreind þannig að ráðið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu í samræmi við samþykktir. Vor 2023.	mæla fyrir um eftirlit með þeim þáttum fjárfestingaáætlunar Reykjavíkurborgar er varða innkaup." Í meðfylgjandi gögnum má sjá innihald og efni yfirlita sem sýna frávik og verða lögð fyrir IFR í samræmi við eftirlitsáætlun. Rétt er að geta þess að viðaukar við fjárfestingaráætlun eru fyrst lagðir fram í borgarráði til samþykktar. Áætluð lok úrbóta á fyrsta ársfjórðungi 2027. **Staðfestingargögn:** a) Frávik.pdf b) Viðauki II við fjárhagsáætlun fjárfestingar 2026.pdf	IER metur að brugðist hafi verið við ábendingunni með endurskoðun á framsetningu upplýsinga um frávik frá fjárfestingaráætlun og með skýrari ákvæðum um eftirlit í eftirlitsáætlun og innkaupareglum. Fyrirliggjandi gögn sýna að ferlar og skýrslusnið hafa verið skilgreind og lögð til grundvallar reglubundinni upplýsingagjöf til innkaupa- og framkvæmdaráðs en enn á eftir að reyna á nýja framkvæmd og sýna fram á virkni hennar. Úrbætur eru í vinnslu. Ábendingin er ítrekuð.	
Nokkur áhætta	**6. Stjórnskipulag og eftirlitsumhverfi** Skóla- og frístundasvið þarf að skila inn upplýsingum um öll innkaup í skýrslu til innkaupa- og framkvæmdaráðs, þar með talið þau sem fara í gegn hjá innkaupaskrifstofu, sbr. 2. mgr. 7. gr. í innkaupareglum Reykjavíkurborgar. **Ábyrgðaraðili:** Fjármálastjóri SFS **Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022** Innkaupasérfræðingi SFS verði falið að útfæra og taka saman með reglubundnum hætti skýrslur sviðsins um innkaup. Haust 2022.	Skóla- og frístundasvið (SFS) sendir upplýsingar um öll innkaup hærri en 10 m.kr. til skóla- og frístundaráðs til yfirferðar. Samkvæmt SFS er ekki vitað hvort þær upplýsingar séu áframsendar frá skóla- og frístundaráði til innkaupa- og framkvæmdaráðs. Ákvæði um skýrslugjöf eru nú sett fram í eftirlitsáætlun skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa (SFI) sem kveðið er á um í 4. kafla í innkaupareglum. Innkaup allra sviða yfir 10 m.kr. fyrir 12 mánuði á undan verða lögð fyrir IFR í september 2026. Einnig verða öll innkaup sviða yfir 40 m.kr. í vöru- og þjónustukaupum fyrir 48 mánuði á undan lögð fyrir IFR í september. Kallað verður eftir skýringum frá fjármálastjórum sviða þar sem þörf er á. Til stendur að SFI þrói nýjar skýrslur/yfirlit með það að markmiði að auðvelda og einfalda skýrslugjöf vegna innkaupa til IFR. Áætluð lok haust 2026. Áætluð lok úrbóta á fyrsta ársfjórðungi 2027. **Staðfestingargögn:** a) Eftirlitsáætlun 2024.pdf	**Skýrslugjöf um innkaup til IFR** Fram kemur að skóla- og frístundasvið (SFS) skili upplýsingum um innkaup yfir 10 m.kr. til skóla- og frístundaráðs. Jafnframt hefur verið sett fram eftirlitsáætlun sem kveður á um skýrslugjöf til innkaupa- og framkvæmdaráðs (IFR) og fyrirhugað er að leggja fyrir ráðið yfirlit yfir innkaup sviða og kalla eftir skýringum þar sem við á. Þá stendur til að þróa nýjar skýrslur og yfirlit til að styðja við upplýsingagjöf. IER metur að skref hafi verið stigin til að efla skýrslugjöf um innkaup til IFR. Hins vegar liggja ekki fyrir gögn sem staðfesta að upplýsingar um innkaup SFS, þar með talin innkaup sem fara í gegnum innkaupaskrifstofu, hafi verið teknar saman og lagðar reglubundið fyrir ráðið. Fyrirhugaðar úrbætur eru að verulegu leyti enn á undirbúningsstigi. Úrbætur eru enn í vinnslu. Ábendingin er ítrekuð.	Úrbætur í vinnslu Ábending ítrekuð

Nokkur áhætta	**7. Greining samninga** Setja þarf reglur um samningsstjórnun sem ná yfir allt ferlið, frá að samningur er komin á til loka samnings. Skilgreina þarf verklag og reglur um flokkun og vistun samninga og skipun ábyrgðarmanns með samningi. **Ábyrgðaraðili:** Sviðsstjóri FAS **Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022** Unnið er að kortlagningu og áhættumati á meginferli innkaupa. Verklagsreglur verði skilgreindar með hliðsjón af niðurstöðu þess og taki mið af mismunandi innkaupaferlum. Verkefnið verði hluti af aðgerðaráætlun innkaupastefnu. Haust 2023.	Skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa (SFI) hefur útbúið sniðmát og leiðbeiningar fyrir samningsstjórnunaráætlun sem kaupendur fylla út og notast við fyrir rekstur og stjórnun samninga. IFR mun frá og með 1. september 2026 gera kröfu um að samningsstjórnunaráætlun fylgi með samþykktarbeiðnum fyrir tilboð. Til eru verklagsreglur (staðfestingargagn c), útgefnar af skrifstofu skjalastýringar, um flokkun og vistun samninga. Hins vegar felst aðal áskorunin í því að innleiða og tryggja að verklaginu sé fylgt hjá sviðum/kaupendum borgarinnar þannig að skjölun samninga sé ásættanleg. Innleiðing á samningahluta skjalastjórnunarkerfis Hlöðunnar er á forræði ÞON, skrifstofu skjalastýringar. Ekki hefur verið unnið áhættumat á meginferli innkaupa að vitneskju SFI. Áætluð lok úrbóta á fyrsta ársfjórðungi 2027. **Staðfestingargögn:** a) Samningsstjórnunaráætlun.pdf (SNI-1750) b) Leiðbeiningar um gerð samningsstjórnunaráætlunar.pdf (LEI-1751) c) https://innri.reykjavik.is/system/files/2023-01/samningsmal_vid_lok_utbodsmala.pdf d) Stofnun samningsmáls við lok_LEI-1117.pdf	**Samningsstjórnun, ábyrgð og skráning samninga** Skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa (SFI) hefur útbúið sniðmát fyrir samningsstjórnunaráætlun og leiðbeiningar um gerð hennar. Fyrir liggur að frá 1. september 2026 yrði gerð krafa um að samningsstjórnunaráætlun fylgdi samþykktarbeiðnum vegna útboða til IFR. Jafnframt eru til staðar leiðbeiningar um flokkun og vistun samninga. Fram kemur að áskorun felist einkum í innleiðingu og eftirfylgni verklags hjá sviðum og kaupendum borgarinnar. IER metur að brugðist hafi verið við ábendingunni með gerð sniðmáts fyrir samningsstjórnunaráætlun og leiðbeininga við gerð hennar, ásamt fyrirliggjandi leiðbeiningum um skráningu og vistun samninga. Á hinn bóginn liggja ekki fyrir gögn sem staðfesta að verklagið hafi verið innleitt með samræmdum hætti eða að skipun ábyrgðarmanns og samningsstjórnun nái kerfisbundið yfir allt líftímaferli samninga. Úrbætur í vinnslu. Ábending er ítrekuð.	Úrbætur í vinnslu Ábending ítrekuð
Tillaga	**T1. Innkaupastefna** Viðmiðunarfjárhæðir innkaupa eru lægri í innkaupareglum Reykjavíkurborgar en í lögum um opinber innkaup nr. 120/2016. IER leggur til að skoðað verði hvort að fyrirkomulag verðfyrirspurna geti í einhverjum tilfellum stuðlað að óhagkvæmni í innkaupum fyrir borgina. **Ábyrgðaraðili:** Innkaupa- og framkvæmdaráð	Verðfyrirspurnir, fyrirkomulag þeirra og þágildandi viðmiðunarfjárhæðir hafa verið felldar úr innkaupareglum Reykjavíkurborgar (2024). Nú gilda eingöngu viðmiðunarfjárhæðir útboða sem tilgreindar eru í lögum um opinber innkaup og tilheyrandi reglugerðum. Síðasta uppfærsla á viðmiðunarfjárhæðum var gerð 4. maí 2026, sbr. reglugerð nr. 495/2026.	IER fylgir úrbótum tillagna ekki eftir í eftirfylgni en áréttar ábyrgð stjórnenda á þeim.	Tillaga

Tillaga	**T2. Innkaupastefna** Ný innkaupastefna þarf að vera í samræmi við hlutverk, umboð og ábyrgð þeirra aðila sem að innkaupum koma og taka mið af stefnum borgarinnar, svo sem áhættustefnu, fjármála- og fjárfestingastefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030 og sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030. Þá er lagt til að horft verði einnig til handbókar hins opinbera um stefnumótun og áætlunargerð frá 2013. **Ábyrgðaraðili:** Innkaupa- og framkvæmdaráð	Ný og mikið breytt innkaupastefna hefur verið unnin á síðastliðnum mánuðum sem var samþykkt í borgarráði í apríl 2026. Innkaupastefnan Endurskoðuð innkaupstefna Reykjavíkurborgar byggir á fjórum innkaupagildum: Ábyrgð, hagkvæmni, gagnsæi og nýsköpun í innkaupum (sömu gildi og innkaupastefna ríkisins byggir á) og fjögur af fimm sömu gildum og innkaupastefna Kaupamannahafnarborgar byggir á.	IER fylgir úrbótum tillagna ekki eftir í eftirfylgni en áréttar ábyrgð stjórnenda á þeim.	Tillaga
Tillaga	**T3. Stjórnskipulag og eftirlitsumhverfi** Lagt er til að skýrslugjöf innkaupaskrifstofu sé einfölduð svo aðstoða megi fagsvið við að ná betri yfirsýn yfir eigin innkaup. **Ábyrgðaraðili:** Skrifstofustjóri innkaupaskrifstofu	Samhliða upptöku á nýju fjárhagskerfi, sem nú er í undirbúningsfasa, verða einnig allir ferlar varðandi kostnaðarskráningu endurskoðaðir með aukna áherslu á tengingu við fyrirliggjandi samninga. Áfram er unnið að bestun á yfirlitum sem hægt er að fá í núverandi fjárhagskerfi en gæði skráningar við bókun reikninga/kostnaðar er ennþá takmarkandi þáttur í að öðlast yfirsýn.	IER fylgir úrbótum tillagna ekki eftir í eftirfylgni en áréttar ábyrgð stjórnenda á þeim.	Tillaga

Viðauki I - Áhættuflokkun ábendinga

Viðmið	Mikil áhætta	Nokkur áhætta	Lítil áhætta
Öryggi og velferð fólks Hætta á áhrifum á líf, heilsu, öryggi eða velferð fólks.	Frávik getur haft alvarleg eða varanleg áhrif á líf, heilsu, öryggi eða velferð fólks.	Frávik getur haft umtalsverð áhrif á heilsu, öryggi eða velferð fólks, en áhrifin eru almennt afturkræf.	Frávik getur haft minniháttar, afmörkuð eða skammvinn áhrif á heilsu, öryggi eða velferð fólks.
Áhrif á fjárhagslega stöðu og/eða áreiðanleika gagna Hættan á fjárhagstjóni eða skorti á áreiðanleika gagna	Líkur eru á verulegum neikvæðum fjárhagslegum áhrifum eða skorti á áreiðanleika gagna/upplýsinga í fjárhagsupplýsingakerfum	Líkur eru á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum eða skorti á áreiðanleika gagna	Takmarkaðar líkur eru á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum eða skorti á áreiðanleika gagna
Sviksemisáhætta. Hættan á því að sviksemi eigi sér stað, t.d. vegna skorts á starfaaðgreiningu	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og/eða tækifæri til sviksemi	Takmörkuð hætta á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka
Innri reglur og skriflegar leiðbeiningar Stefnur, verklagsreglur, verkferlar og leiðbeiningar	Mikilvægir þættir ferla eða reglna vantar og/eða veruleg eða ítrekuð frávik eru frá fylgni við reglur.	Mikilvæga þætti vantar í ferla og reglur og/eða nokkuð er um frávik frá fylgni við reglur.	Tækifæri eru til að bæta ferla og reglur og/eða einstök frávik eru frá fylgni við reglur.
Ytri kröfur. Lög, reglur, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli	Engin fylgni við lög og reglur eða tíð frávik	Nokkuð er um frávik frá fylgni við lög og reglur	Tækifæri eru til að bæta enn frekar fylgni við lög og reglur
Orðsporsáhætta. Hættan á því að orðspor laskist	Miklar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Takmarkaðar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun
Tímafrestur viðbragða			
Meginregla tímaramma en frá honum geta verið eðlileg frávik ákveðin í hverju tilviki fyrir sig, til dæmis ef flækjustuðull viðbragða er mikill	Sem fyrst, innan 3 mánaða	Innan 6 mánaða	Innan 12 mánaða

Innri endurskoðun og ráðgjöf
Guðrúnartúni 1 | 105 Reykjavík

Innriendurskodun.is
innriendurskodun@reykjavik.is